

Borgarráð

Tillaga um viðbragðsáætlun við kynferðislegu ofbeldi og áreitni í skóla- og frístundastarfi

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna var lögð fram svohljóðandi tillaga Eydísar Helgu Viðarsdóttur og Kristínar Láru Torfadóttur frá ungmennaráði Árbæjar og Holta:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar að vinna aðgengilega viðbragðsáætlun við kynferðislegu ofbeldi og áreitni fyrir grunnskóla og frístundamiðstöðvar Reykjavíkur. Þessi áætlun skal samþykkt í borgarstjórn og birt á heimasíðum skóla og frístundamiðstöðva tímanlega fyrir skólaárið 2018-2019.

Greinargerð:

Eftir að hafa farið inn á heimasíður margra skóla fann ungmennaráðið nánast ekkert um hvert nemendur geta leitað eða hvaða ferli fer af stað ef einstaklingur verður fyrir kynferðislegri áreitni eða ofbeldi. Ráðinu finnst mikilvægt að þolendur kynferðisofbeldis og áreitni, hvort sem er af hendi starfsmanna eða nemenda, geti auðveldlega nálgast upplýsingar um hvert þeir eigi að leita og hvaða aðstoð og viðbrögð eigi að vera til staðar í skólum og hjá Reykjavíkurborg. Ráðinu finnst einnig mikilvægt að kennarar og starfsfólk skóla- og frístundasviðs fái fræðslu um hvernig skuli bregðast við slíkum málum.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Athygli er vakin á því að **tillagan var samþykkt á fundinum** og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að hana ber að leggja fyrir, taka til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Æskilegt er að fulltrúi úr Reykjavíkurráðinu verði boðaður á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

Óskað eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdísi Valdimarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði. Stöðufundur með fulltrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælt til þess að tillagan verði afgreidd af borgarráði fyrir þann tíma.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Samrit:
Reykjavíkurráð ungmenna

